

Örnefni í Gjábackalandi.

Gjábacki var í einkaeign fram til ársins 1952, en síðan í eign ríkisins, og eru því skýr landamerki þar.

Ég byrja á landamerkjum og fer sólarmegin um landið.

Kambsvarða (1) er í suðvestur frá Gjábacka. Er þríhyrnings mark milli jarðanna Gjábacka, Arnarfells og Mjóaness.

Þaðan í hól með fuglapúfu á við Hallstíg (2).

Hrafnagjá (3) ræður mörkum inn að Innri-Gaphæð í norður, sem er þar við gjána, svo í Hlíðarstíg (4), sem er á

Hlíðargjá (5), í norðvesturhorn Hrafnabjarga (6) í

Bjargarvelli (7) í suðausturhorn bjarganna, þaðan í

Þúfuhól (8), strýtumyndaðan með smá tjörn, í suðaustur frá björgum. Svo í Há-Eldborg (9) um Stóra-Dimon (10),

sjónhending í Hamrasel (11), beygir svo í norðvestur í

Þúfuhól, strýtumyndaðan, efst í Róthólsstaðahæð (12),

svo í Stórastein (13) neðst í Skógartöglum (14) og

þaðan í Kambsvörðu, er þá búið að loka hringnum.

Ég man ekki hvaða ár það var, fyrir aldamót, sem

bóndinn í Gjábacka, Ásmundur Grímsson, keypti land af Laugarvatni, því þar var landríkt mjög.

Var það sem hér segir.

Varða efst í Skógartöglum (15) við Taglaflöt (16) í

syðri Nikulásarhól (17) eftir Heiðagjá (18) að Hrafnabjörgum og þaðan í Hlíðarstíg. Svo hreppamörkin, sem

að framan segir, í Stórastein neðst í Töglum.

Norðan við bæinn í Gjábacka er smá hóll, með helli í,

kallaður Lambahellir (19), er hann rétt við gjá, sem er

Bæjargjá (20), þar skammt fyrir innan er klettur, við

gamla þjóðveginn, sem kallaður er Blesi (21).

Þar inn af er nokkuð þéttur skógur, er það svæði milli Hrafnagjár og Bæjargjár kallað Torfa (22). Þegar komið er inn að Klukkustíg (23) verður landið meira mishæðótt. Skammt fyrir innan Klukkustíg rís all stór hæð með hólum, grösug. Nyrst í henni er strýtumyndaður hóll, þar fyrir vestan grösugur lágur hóll með 2 hellum í, voru notaðir sem Fjárhellar (24) frá Gjábakka.

Þar suðaustur frá er skógivaxin hæð, sem nær að Bæjargjá, og skiptir nú gjáin um nafn og verður hrikalegri.

Norðan í hellishæðinni eru smá hólar með hellum og kerjum í. Þar fyrir innan hækkar landið, milli gjánna Hrafnagjár og Gildruholtsgjár (25), þar heitir Gildruholt (26), er það all vel gróið og hefur verið skógivaxið. Innan við Selstíg, sem er á Hrafnagjá, er stór og klofinn hóll, Rauðshóll (27). Þar austur af er skógivaxið land, sem kallast Raftviðarhlíð (28). Hallar nú landinu til norðausturs að mörkum við Innri-Gaphæð og Hlíðarstíg.

Fyrir austan Gylдруholtsgjá er landið sneggra og meira mosagróið. Í austur frá Hlíðarstíg er nokkuð hár hóll, Þúfuhóll. Nú er beygt í suður og upp á hálsinn, sem kallast Hrafnabjargarháls (29), er það allt svæðið milli Gildruholtsgjár að norðan og austur að Hrútafjöllum að austan, allt frá Hrafnabjörgum og suður að Hamraseli.

Við suðvesturhorn Hrafnabjarga opnast gjá sem liggur í suðvestur og heitir Heiðagjá. Milli hennar og Gildruholtsgjár er landið nokkuð úfið og mosagróið. Innst hallar því í norðvestur, allbreiður hvammur, þar suður frá hækkar landið kallast það Ásar (30) og helst svo fram fyrir há Gildruholt.

Þegar kemur suðvestur á hálsinn er landið mosagróið þar til kemur fram fyrir há Gildruholt, þá hallar landinu suðvestur að skógarbelti, sem liggur c.a. 3 km fyrir austan túnið í Gjábakka. Þetta skógarbelti og hólar kallast Langholt (31). Nær það á milli gjánna, er vel grösugt, þar er all-stór klofinn hóll, Dagmálahóll (32). Þegar dregur nær Heiðargjá eru laglegar brekkur, grösugar, Fjárbrekkur (33). Svo færumst við að túninu, skammt fyrir sunnan það er hár klofinn hóll, en gróin brekka suðaustan við hann, það er kallaður Stekkjjarhóll (34). Vestan við túnið, austan við Bæjargjá, er allstór hæð með 2 hólum á, sem snúa í suðvestur, og kallast Kambur (35). Erum við nú komin allt að mörkum í vestur. Frá Hrafnabjörgum, fyrir ofan Heiðargjá, er nokkur slakki í suðvestur með auðum hraunhólum. Þegar kemur um 1 km suður frá fjallinu myndast slakki frá austri til vesturs. Í slakkanum eru sléttir balar með smá hólum í er kallast Snoppa (36). Þegar dregur suður að Eldborg verður hraunið grófara, lítið gróið, með nokkrum goshólum og eldgöngum sem liggja í suðvestur, þeir nyrstu eru kallaðir Undirgangar (37), liggja þeir allt suður fyrir veginn að Laugarvatni. Skammt sunnan við veginn er hellir, allstór, Helguhellir (38) eða Stelpuhellir (39). Norðan við Undirganga og nær Heiðargjá eru skógarbrekkur, sem ná allt að Heiðargjá við allstóran hól Nikulásarhól (40). Austan við hólinn er góður stígur á gjánni og mótur þar fyrir Vegi (41) (gamli Skálholtsvegurinn), sem hefur stefnu á Klukkustíg og ofan við hraun, sem er sunnan við Undirganga og kallast Skálholtshraun (42) og austur að Kringlumýri, sem er norðan undir Lyngdalsheiði.

Arnarhóll¹ er suðvestan við Nikuláasarhól, sem er kallaður Fremri-Nikuláasarhóll (43). Þar suðvestur af er allgróið land og skógivaxið og kallast Skógartögl (44). Þau ná suður að Stórasteini, sem er á mörkum.

Sunnan undir Eldborg í suðvestur eru Kerjahólar, sem ná allt að Stóra-Dimon. Þar suður frá er hæð með nokkrum strýtuhólum (sem eru um 1 km) kallast Trintrom (45), sem er skammt norðaustan við veginn sem liggur að Laugarvatni. Skammt suðvestan vegar, með stefnu í suðvestur er alllöng hæð, sem kallast Vatnshæðir (46) og liggur allt að Róthólsstaðahæð, sem er á landamörkum. Landið í norður frá Vatnshæðum er frekar flatt sauðland, með lágan gróður, sem helst allt að mörkum í vestur.

Skráð af Kristjáni Jóhannssyni
síðasta bónda í Gjábakka

Stafrófsröð örnefna

Ásar	30	Hamrasel	11
Bjargarvellir	7	Há-Eldborg	9
Blesi	21	Heiðagjá	18
Bæjargjá	20	Helguhellir	38
Dagmálahóll	32	Hlíðargjá	5
Fjárbrekkur	33	Hlíðarstígur	4
Fjárhellar	24	Hrafnabjargarháls	29
Fremri-Nikuláasarhóll	43	Hrafnabjörg	6
Gildruholt	26	Hrafnagjá	3
Gildruholtsgjá	25	Kambsvarða	1
Hallstígur	2	Kambur	35

1 Hér hefur mögulega átt að standa „Annar hóll“.

Kerjahólar	ónúmerað	Stelpuhellir	39
Klukkustígur	23	Stóri-Dimon	10
Lambahellir	19	Stóristeinn	13
Langholt	31	Taglaflöt	16
Nikulásarhóll	40	Torfa	22
Nikulásarhóll [syðri]	17	Trintrom	45
Raftviðarhlíð	28	Undirgangar	37
Rauðshóll	27	Vatnshæðir	46
Róthólsstaðahæð	12	Vegur	41
Skálholtshraun	42	Þúfuhóll ²	8
Skógartögl	14, 15, 44		
Snoppa	36		
Stekkjjarhóll	34		

Jóna Kristjánsdóttir veitti góðfúslega ljósrit af þessari skrá, ásamt öðrum örnefnaskrár sem Kristján Jóhannsson ritaði milli 1982-1984. Halldór Pétur Þrastarson hafði þar milligöngu. Gunnar Grímsson, landvörður í Þjóðgarðinum á Þingvöllum, færði í tölvutækt form í nóvember 2024 og útbjó stafrófsröð örnefna. Uppsetning er höfð nákvæmlega eins og frumritið sem og stafsetning örnefna. Einstaka innsláttarvillur eru leiðréttar.

² Þrír Þúfuhólar eru nefndir í þessari skrá. Sá sem ber númerið 8 er suðaustan Hrafnabjarga. Annar er austan Hlíðarstígs og sá þriðji er efst á Róthólsstaðahæð.